



Borgarráð

### ***Starfshópur um börn innflytjenda – Skýrsla og tillögur starfshóps***

Starfshópur um börn innflytjenda skilaði skýrslu sinni og tillögum í maí 2020. Tillögur hópsins voru til skoðunar við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og skilaði hópurinn uppfærðu yfirliti í janúar 2021 um stöðu tillagna.

Tillögur hópsins voru alls 24 talsins. Sbr. hjálagt yfirlit dags. janúar 2021 eru 10 þeirra þegar komnar í vinnslu og þarfnast ekki fjármögnunar. Þá leggur hópurinn til að 8 tillögur til viðbótar fari í bið og verði endurskoðaðar að ári.

Eftir stendur að lagt er til að 6 tillögur verði nú samþykktar af borgarráði:

Lagt er til að eftirtaldar tvær tillögur verði samþykktar og verði vísað til meðferðar skóla- og frístundasviðs, sem hafi samstarf við velferðarsvið um framkvæmd tillagnanna, og til fjármála- og áhættustýringarsviðs til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun. Kostnaður er 1.119.250 kr. sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð:

#### 3. Foreldrasamstarf:

3.1. Fræðsla til fjölbreytts foreldrahóps í grunnskólum Reykjavíkur, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar og frístundamiðstöðvar um Íslenska forvarnarmódelið og niðurstöður Rannsóknna og greininga í hverfum borgarinnar. Kostnaður felst í túlkakostnaður og kostnaður vegna fyrirlesara frá Rannsókn og greiningu, samtals 719.250 kr.

3. 2. Útgáfa myndbanda fyrir öll skólastig þar sem hugmyndafræði og mikilvægi Íslenska forvarnarmóðelsins er kynnt á einfaldan hátt á nokkrum tungumálum. Kostnaður er við þýðingar og orðaforðalista sem tekinn verði saman af Miðju máls og læsis, samtals 400.000 kr.

Þá er lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögur sem ekki þarfnast viðbótarfjármagns og vísi til meðferðar skóla- og frístundasviðs, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og íþróttá- og tómsundasviðs sbr. skýringar við hverja tillögu:

#### 2. Fræðsla um fjölmenningu

2.1. Fræðslupakki um fjölmenningu, viðhorf, fordóma verði aðgengilegur á netinu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila (s.s. íþróttafélög), börn,

ungmenni og forráðamenn þeirra. Vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

2.2. Þjálfun stjórnenda Reykjavíkurborgar í menningarnæmi til þess að ná til fjölbreytts barna- og foreldrahóps. Vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

### 3. Foreldrasamstarf

3.4. Staðfæra verkefnið Velkomin í skólann, þ.e. útbúa skapalón af bæklingi fyrir foreldra. Vísað til meðferðar skóla- og frístundasviðs.

### 6. Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum

6.1. Samþætta íþróttá- og skólustarf og vinna sameiginlega að því að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur. Vísað til meðferðar íþróttá- og tómstundasviðs í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og ÍBR.

#### *Greinargerð:*

Starfshópur um börn innflytjenda var skipaður með erindisbréfi borgarstjóra dags. 5. nóvember 2019. Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að taka saman og rýna niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda, líðan þeirra, einelti, neyslu, þátttöku í íþróttum og félagsstarfi, nám eftir skólaskyldu og fleira.

Starfshópurinn var skipaður af starfsfólki frá fjórum sviðum borgarinnar og var honum ætlað að kortleggja stöðu barna innflytjenda á Íslandi með tilliti til líðan, neyslu, þátttöku í skipulögðu íþróttá- og félagsstarfi sem og nám eftir skólaskyldu. Starfshópurinn fór yfir rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar, bæði innan Reykjavíkurbogar og á Íslandi, skoðaði skýrslur og tillögur sem gerðar hafa verið um málaflokkinn og kortlagði stöðuna. Hópurinn kom sér saman um að byggja tillögur sínar á Íslenska forvarnarmódelinu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um börn innflytjenda dags. maí 2020.

Yfirlit yfir aðgerðir og kostnað dags. janúar 2021.

Afrit:

Skóla- og frístundasvið.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Íþróttá- og tómstundasvið.

Fjármála- og áhættustýringarsvið.

# Skýrsla starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík - stöðuskýrsla 15.janúar 2021

| Tillögur og aðgerðir  |  | Ábyrgð   | Tímarammi   | Staða   | Kostnaðaráætlun lýsing  | Kostnaðaráætlun (ISK kr.) |
|---|--|--|-------------|---|---|---------------------------|
| <b>1. Sjálfsefning og félagsfærni</b>                       |  |  |             |   |   |                           |
| Aðgerð 1  | Námskeið um sjálfsefningu og félagsfærni fyrir starfsfólk á öllum skólastigum og í frístundastarfi.  | Skóla- og frístundasvið  | 2020 – 2022 | Þessi verkefni eru þegar farin af stað í tengslum við Menntastefnuna  | Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á fræðslu og námskeiði.   | 0 kr                      |
| Aðgerð 2  | Innleiða Sociogram inn í alla grunnskóla til að kortleggja félagslega stöðu barna í 1. – 10. bekk í samstarfi við frístundamiðstöðvar.   |  |             | Þetta verkefni er í endurskoðun innan Skóla- og frístundasviðs í ljósi persónuverndar.  | Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á fræðslu og námskeiði.   | 0 kr                      |
| Aðgerð 3  | Vekja athygli allra leikskóla Reykjavíkur á verkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur, Allir vinir.  |  |             | Þessi fræðsla er þegar haldin í mörgum leikskólum af þeirra eigin frumkvæði, m.a. í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.  | Kostnaður vegna fyrirlestra frá Vöndu Sigurgeirsdóttir  | 450.000 kr                |
| <b>2. Fræðsla um fjölmenningu</b>                           |  |  |             |   |   |                           |
| Aðgerð 1  | Fræðslupakkí um fjölmenningu, viðhorf, fordóma verði aðgengilegur á netinu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila (s.s. íþróttafélög), börn, ungmenni og forráðamenn þeirra.                           | Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa                                  | 2020 – 2022 | Við leggjum til þessu verði komið til framkvæmdar   | Kostnaður vegna framlags starfsmanna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu  | 0 kr                      |
| Aðgerð 2  | Þjálfun stjórnenda Reykjavíkurborgar í menningarnæmi til þess að ná til fjölbreytts barna- og foreldrahóps.  |  |             | Við leggjum til þessu verði komið til framkvæmdar   | Kostnaður vegna framlags starfsmanna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu  | 0 kr                      |
| <b>3. Foreldrasamstarf</b>                                  |  |  |             |   |   |                           |
| Aðgerð 1  | Fræðsla til fjölbreytts foreldrahóps í grunnskólum Reykjavíkur, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar og frístundamiðstöðvar um Íslenska forvarnarmódelið og niðurstöður Rannsóknna og greininga í hverfum borgarinnar. | Skóla- og frístundasvið (forvarnarmál í samstarfi við velferðarsvið) | 2020-2022   | Við leggjum til að þessu verði komið á og er fyrirmynd af slíku verkefni þegar í Austurbæjarskóla í samstarfi við Tjörnina og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða | Túlkakostnaður og kostnaður vegna fyrirlesara frá Rannsókn og greiningu   | 719.250 kr                |
| Aðgerð 2  | Gefa út myndbönd fyrir öll skólastig þar sem hugmyndafræði og mikilvægi Íslenska forvarnarmódelisins er kynnt á einfaldan hátt á nokkrum tungumálum.   |  |             | Við leggjum til að þessu verði komið til framkvæmdar  | Kostnaður við þýðingar og innlestur. Myndbönd útbúin í samstarfi fagskrifstofu og Mixtúru.  | 400.000 kr                |
| Aðgerð 3  | Taka saman orðaforðalista um skólaorðaforða fyrir öll skólastig á nokkrum tungumálum.  |  |             | Þetta verkefni er komið í vinnslu   | Kostnaður við þýðingar. Orðaforðalisti tekinn saman af Miðju máls og læsis.   | 300.000 kr                |
| Aðgerð 4  | Staðfæra verkefnið Velkomin í skólann, þ.e. útbúa skapalón af bæklingi fyrir foreldra.   |  |             | Við leggjum til þessu verði komið til framkvæmdar   | Kostnaður við framlag starfsmanna í Miðju máls og læsis við þýðingu á bæklingnum og framlag starfsmanna SFS við uppsetningu á bæklingnum. | 0 kr                      |
| Aðgerð 5  | Fjölskyldumiðstöð á frístundamiðstöðvum í öllum hverfum borgarinnar, Gaman saman fyrirmyndin.  |  |             | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Einn starfsmaður í 4 klst. einu sinni í viku í 5 hverfum borgarinnar. Miðað við 20 vikur á ári  | 2.400.000 kr              |
| Aðgerð 6  | Styðja leikskóla í því að koma á fjölskyldumiðstöð[1] að fyrirmynd Pen Green og fleiri leikskóla í Bretlandi og í Dortmund, Þýskalandi.  |  |             | Undirbúningur fyrir verkefnið er hafin í starfhópi - fyrirmynd fyrir hverfi borgararinnar verður í nýrri Miðborg  | Einn starfsmaður í 4 klst. einu sinni í viku í 10 leikskólum.   | 4.000.000 kr              |
| <b>4. Tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili</b> |  |  |             |   |   |                           |

|   |   |                         |           |   |  |               |
|---|---|-------------------------|-----------|---|--|---------------|
| Aðgerð 1:   | Að útbúa tekjuviðmið um niðurgreiðslu til að hægt verði að styðja við tekjulágur fjölskyldur með viðbótarniðurgreiðslu á gjöldum frístundaheimila.  | Skóla- og frístundasvið | 2020-2022 | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað þar sem ekki liggur fyrir hvort leiðin sé fær kerfislega eða samhugur um það.   | Niðurgreiðsla vegna gjalda á frístundaheimilum   | 13.000.000 kr |
| <b>5. Efling tónlistarkennslu og upplifunar á sviði lista</b> |   |                         |           |   |  |               |
| Aðgerð 1  | Gera samning um aðgang allra barna á aldrinum 6-9 ára að íslenska forritinu Mussila í þeim tilgangi að styðja með afgerandi hætti við upphaf náms á sviði tónlistar.  | Skóla- og frístundasvið | 2020-2022 | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Afnotagjald af Mussila 2.000.000 kr. á ári í 3 ár – alls 6 milljónir króna. Annað sem fylgir aðgerðinni er unnið á vegum SFS.  | 6.000.000 kr  |
| Aðgerð 2:   | Leita leiða til að skapa aðgang að erlenda forritinu Yousician fyrir nemendur á unglíngastigi og stofna yousician klúbba á vettvangi frístundastarfsins eða skólans.  |                         |           | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Afnotagjald af Yousician 2.000.000 kr. á ári í 3 ár – alls 6 milljónir króna. Hljóðfærakaup – ukulele og hljómborð – 50 stk af hvorri gerð – alls 6 milljónir króna. Annað sem fylgir aðgerðinni er unnið á vegum SFS. | 12.000.000 kr |
| Aðgerð 3:   | Auka samstarf tónlistarskóla, skólahljómsveita og listaskóla á sviði dans, leiklistar og myndlistar við alla leikskóla og grunnskóla í hverfunum til að fjölga tækifærum til listrænnar upplifunar og kynna fjölbreyttar frístundir fyrir börnum. |                         |           | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Kynntir verða möguleikar til að setja viðburði í boði inn á Uppspretuvef borgarinnar sem auðvelda yfirsýn og pantanir á viðburðum  | 0 kr          |
| Aðgerð 4:   | Hver grunnskóli fær eyrnamerkt viðbótarfjármagn til kaupa á listviðburðum á vegum listamanna inn í skólann. Skólar geti sjálfir valið viðburði en sérstaklega er bent á viðburði á vegum List fyrir alla.   |                         |           | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Heimild til kaupa á listrænum viðburðum á vegum listamanna inn í grunnskólustarfið verði veitt öllum grunnskólum í borginni - um 1000 kr á hvert barn á ári í þrjú ár.   | 45.000.000 kr |
| <b>6. Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum</b>             |   |                         |           |   |  |               |
| Aðgerð 1  | Samstarf á milli Reykjavíkurborgar og ÍBR. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur.   | ÍTR í samstarfi við     |           | Þessari aðgerð er lokið - Móttökuáætlunin er komin á heimasíðu ÍBR og er að fara í kynningu hjá íþróttafélögum:<br><a href="https://www.ibr.is/fjolmenning">https://www.ibr.is/fjolmenning</a>  | Kostnaður vegna framlags starfsmanna við gerð nýrra verkferla  | 0 kr          |
| Aðgerð 2:   | Vefsíða með verkfærakistu um fjölmenningu sem inniheldur tæki og tól sem aðilar í íþrótt- og tómstundastarfi geta nýtt sér til að koma til móts við iðkendur með annað móðurmál en íslensku og forráðamenn þeirra.                                |                         |           | Þessari aðgerð er í vinnslu og ÍBR er núþegar búin að setja upp sér síðu tileinkaða fjölmenningu þar sem byrjað er að setja inn efni. Vinna er í gangi í starfshóp ÍBR, ÍTR og MAR að setja inn meira efni þar út frá tillögum hópsins. Sjá hér það efni sem er núþegar komið inn:<br><a href="https://www.ibr.is/fjolmenning">https://www.ibr.is/fjolmenning</a> | Kostnaður við vefsíðugerð  | 5.000.000 kr  |
| Aðgerð 3:   | ÍBR í samstarfi við Reykjavíkurborg útbúi skapalón „Velkomin í félagið“ þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir nýja iðkendur og forráðamenn þeirra eru að finna á nokkrum tungumálum.   |                         |           | Vinna er hafin í starfshóp ÍBR, ÍTR og MAR við gerð þessa skapalóns   | Kostnaður við bæklingagerð   | 3.000.000 kr  |

|   |  |  |           |   |   |                       |
|---|--|--|-----------|---|---|-----------------------|
| Aðgerð 4:                                       | Fulltrúi frá þjónustumiðstöð hverfanna er ábyrgur fyrir að kortleggja og uppfæra reglulega hvaða íþróttir og tómsundur eru í boði í hverfinu á aðgengilegri vefsíðu á nokkrum tungumálum. Vefsíðan myndi einnig innihalda upplýsingar um forvarnargildi íþróttar- og tómsunda á einföldu máli. | mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og ÍBR | 2020-2022 | ÍBR er nú að leggja lokahönd á bækling með upplýsingum um starfsemi íþróttafélaganna sem verður flokkað eftir hverfum á 3 tungumálum (Íslensku, ensku og pólsku). Þetta verður einnig sett á heimasíðu ÍBR. Fulltrúi hjá þjónustumiðstöð hverfanna gæti byggt á þessum grunni og bætt við öðrum tómsundum í hverfinu og haft á sér vefsíðu ásamt upplýsingum um forvarnargildi íþróttar- og tómsunda á einföldu máli. | Kostnaður vegna framlags starfsmanna við gerð nýrra verkferla.  | 0 kr                  |
| Aðgerð 5:                                       | Að auka aðgengi að frístundum með því að efla frístundarútna/hverfisstrætó.  |  |           | Við leggjum til að þetta verkefni fari í bið og verði endurskoðað að ári.   | Kostnaður vegna aukins frístundaaksturs. Kostnaður vegna fylgdarmanna í frístundaakstri                       | 45.000.000 kr         |
| Aðgerð 6:                                       | Samþætta íþróttar- og skólastarf og vinna sameiginlega að því að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.  |  |           | Við leggjum til þessu verði komið til framkvæmdar   | Kostnaður vegna framlags starfsmanna við að finna gerð nýrra verkferla.                                       | 0 kr                  |
| <b>7. Samstarf og samfella milli skólastiga</b> |  |  |           |   |   |                       |
| Aðgerð 1:                                       | Að koma á markvissu samstarfi milli leik- og grunnskóla þar sem foreldrar með annað móðurmál en íslensku fá ýtarlegar upplýsingar um skólakerfið og hlutverk skólaforeldra.  | Skóla- og frístundasvið  | 2020-2022 | Það er komið inn eitt stöðugildi brúarsmiðs. Við leggjum áfram til að auka stöðugildi brúarsmiða síðar.   | Kostnaður: 20.000.000 vegna ráðningar á tveimur brúarsmiðum miðað við tvo brúarsmiði.                         | 20.000.000 kr         |
| Aðgerð 2:                                       | Að koma á samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla þar sem námsráðgjafar eru lykilaðilar í að fylgja nemendum milli skólastiga.  |  |           | Verkefnið er þegar komið í vinnslu með verkefninu Byggjum brú   | Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á breyttu verklagi og innleiðingu verkefnisins. | 0 kr                  |
| <b>Samtals:</b>                                 |  |  |           |   |   | <b>157.269.250 kr</b> |

Samtals ófjármagnað ársbyrjun 2021 1.119.250



# Skýrsla starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík

Mái/2020



Reykjavíkurborg

## Hlutverk og verkefni starfshópsins

Þann 5. nóvember 2019 skipaði borgarstjóri Reykjavíkur starfshóp um börn innflytjenda í Reykjavík.

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að taka saman og rýna niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda, líðan þeirra, einelti, neyslu, þátttöku í íþróttum og félagsstarfi, nám eftir skólaskyldu og fleira.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Kortlagning og samantekt á rannsóknum um börn innflytjenda á Íslandi.
- Rýni á spurningar í fyrirliggjandi könnunum og niðurbrot í þeim, t.d. eftir móðurmáli.
- Kostnaðarmetnar tillögur um úrbætur á fyrirkomulagi kannana og rannsókna.
- Kostnaðarmetnar tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu barna innflytjenda á Íslandi, byggðar á niðurstöðum rannsókna.

Starfshópurinn skipaðu: Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Saga Stephensen, Skóla- og frístundsviði, Emilía Mlynska, Velferðarsviði, Gerður Sveinsdóttir, Íþróttá- og tómstundasviði, Joanna Marcinkowska, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 11. nóvember 2019 til 27. maí 2020. Hópurinn hélt alls 17 fundi.

Starfshópurinn var skipaður af starfsfólki frá fjórum sviðum borgarinnar og var honum ætlað að kortleggja stöðu barna innflytjenda á Íslandi með tilliti til líðan, neyslu, þátttöku í skipulögðu íþróttá- og félagsstarfi sem og nám eftir skólaskyldu. Starfshópurinn fór yfir rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar, bæði innan Reykjavíkurbogar og á Íslandi, skoðaði skýrslur og tillögur sem gerðar hafa verið um málaflokkinn og kortlagði stöðuna. Hópurinn kom sér saman um að byggja tillögur sínar á Íslenska forvarnarmódelinu.

## Samantekt á helstu tillögum starfshópsins

### Tillaga 1 – Sjálfsefling og félagsfærni

Sjálfsefling og félagsfærni eru tveir af lykilþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2018. Lagt er til að halda námskeið um sjálfseflingu og félagsfærni fyrir starfsfólk á öllum skólastigum og í frístundastarfi. Einnig verður lögð áhersla á að innleiða *Sociogram* inn í alla grunnskóla til að kortleggja félagslega stöðu barna í 1. – 10. bekk í samstarfi við frístundamiðstöðvar. Þá verður boðið upp á fræðslu Vöndu Sigurgeirsdóttur um verkefnið, *Allir vinir*, fyrir alla leikskóla Reykjavíkur.

### Tillaga 2 – Fræðsla um fjölmenningu

Fræðsla er nauðsynleg til að sporna gegn fordómum sem verða til vegna vanþekkingar og þröngsýni. Menningarnæmi hjálpar starfsfólki borgarinnar að skapa umhverfi sem er laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Tilbúið fræðsluefni fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila verður aðgengilegt á rafrænu formi. Boðið verður upp á fræðslu í menningarnæmi fyrir stjórnendur Reykjavíkurborgar.

### Tillaga 3 – Foreldrasamstarf

Menntun og velferð barna er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og er mikilvægt að byggja upp gott foreldrasamstarf á öllum skólastigum. Lögð verður áhersla á fræðslu til fjölbreytts foreldrahóps á nokkrum tungumálum í grunnskólum Reykjavíkur, í samstarfi við frístundamiðstöðvar, um Íslenska forvarnarmódelið og niðurstöður Rannsókna og greininga. Gefin verða út myndbönd fyrir öll skólastig um mikilvægi Íslenska forvarnarmódelisins á nokkrum tungumálum. Útbúinn verður orðaforðalisti um skólaorðaforða fyrir öll skólastig á nokkrum tungumálum. Þá verður verkefnið *Velkomin í skólann*<sup>1</sup> notað sem fyrirmynd að bæklingi fyrir foreldra. Komið verður upp samverustundum fjölskyldna í frístundamiðstöðvum og leikskólum í anda hugmyndafræði fjölskyldumiðstöðva<sup>2</sup>.

### Tillaga 4 – Tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili

Í stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík er lögð sérstök áhersla á að hvetja og aðstoða foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og efnaminni foreldra til að nýta sér frístundakortið og annan stuðning til að börn þeirra geti stundað skipulagt íþrótta- og tómsundastarfi í borginni. Lagt er til að efnaminni fjölskyldur fái niðurgreitt gjald fyrir vistun á frístundaheimilum til að þær geti notað frístundakortið til þátttöku í öðru skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi.

---

<sup>1</sup> Velkomin í skólann:

[https://edukacja.warszawa.pl/sites/edukacja/files/strona/4316/attachments/pakiet\\_powitalny-wersja\\_angielska.pdf](https://edukacja.warszawa.pl/sites/edukacja/files/strona/4316/attachments/pakiet_powitalny-wersja_angielska.pdf)

<sup>2</sup> Hugmyndafræði fjölskyldumiðstöðva: Að bjóða upp á fjölbreytta velferðarþjónustu og starfsemi fyrir börn, fjölskyldur og fólk sem býr í nærsamfélaginu í samstarfi við ýmsa fagaðila með aðsetur inni í leikskólum og frístundamiðstöðvum.



## **Tillaga 5 – Efling tónlistarkennslu**

Tónlistaruppeldi og listræn upplifun almennt er góð leið til að auka fjölbreyttan hugtakaskilning, efla samkennd og styðja við sjálfsmynd barna. Rannsóknir benda til þess að tónlistarupplifun geti haft áhrif á vald á máli, eftl námsgetu og spili stórt hlutverk í þroska barna frá unga aldri. Opna þarf nýjar leiðir til að kynnast tónlist og iðkun hennar og prófa sig áfram með möguleika sem byggja á tækni sem í boði er í dag. Styrkja þarf leiðir til að efla listræna þátttöku og upplifun á vettvangi skóla- og frístundastarfsins. Gerður verður samningur um aðgang allra barna á yngsta stigi grunnskóla að íslenska forritinu Mussila og leitað verði leiða til að skapa aðgang að forritinu Yousician fyrir eldri nemendur grunnskóla. Leitað verði leiða til að styrkja samstarf tónlistarskóla, skólahljómsveita og listaskóla á sviði dans, leiklistar og myndlistar við alla leik- og grunnskóla í hverfunum.

## **Tillaga 6 – Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum**

Mikilvægt er að auðvelda aðgengi að íþróttum og tómstundum til að auka þátttöku barna innflytjenda. Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum felur meðal annars í sér að kortleggja og uppfæra reglulega hvaða íþróttir og tómstundir eru í boði í hverfunum á aðgengilegri vefsíðu á nokkrum tungumálum. Unnir verða verkferlar um móttöku og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur með annað móðurmál en íslensku til að tryggja að börnunum líði vel og finni að þau tilheyri. Útbúin verður vefsíða með verkfærakistu um fjölmenningu sem innheldur tól og tæki sem aðilar í íþrótt- og tómstundastarfi geta nýtt sér til að koma til móts við iðkendur með annað móðurmál en íslensku og forráðamenn þeirra. Á vefsíðunni verður meðal annars að finna bæklinginn „*Velkomin í félagið*“ með öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir nýja iðkendur og forráðmenn þeirra á nokkrum tungumálum. Lögð er áhersla á að börn og unglingar geti stundað íþróttir að loknum skóladegi með því að efla frístundarútu/hverfisstrætó.

## **Tillaga 7 – Samstarf og samfella milli skólastiga**

Stuðningur við kennslu í íslensku sem öðru máli og jöfnuður í námi hefst á fyrsta skólastigi. Mikilvægt er að samfella sé í gegnum öll skólastigin, að nám og kunnátta á næsta skólastigi byggji á námi frá fyrra skólastigi. Komið verður á markvissu samstarfi milli leik- og grunnskóla þar sem foreldrar með annað móðurmál en íslensku fá ýtarlegar upplýsingar um skólakerfið og hlutverk skólaforeldra. Komið verður á samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla þar sem námsráðgjafar eru lykilaðilar í að fylgja nemendum milli skólastiga.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Hlutverk og verkefni starfshópsins .....                            | 1  |
| Samantekt á helstu tillögum starfshópsins .....                     | 2  |
| Efnisyfirlit.....   | 4  |
| 1. Börn og fjölmennning í Reykjavík.....                            | 5  |
| 1.1. Helstu niðurstöður rannsókna .....                             | 6  |
| 1.2. Íslenska forvarnarmódelið .....                                | 7  |
| 2. Niðurstöður og tillögur .....                                    | 8  |
| Tillaga 1 – Sjálfsefning og félagsfærni .....                       | 8  |
| Tillaga 2 – Fræðsla um fjölmenningu.....                            | 10 |
| Tillaga 3 – Foreldrasamstarf.....                                   | 12 |
| Tillaga 4 – Tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili ..... | 14 |
| Tillaga 6 – Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum .....           | 17 |
| Tillaga 7: Samstarf og samfella milli skólastiga .....              | 20 |
| Niðurlag.....   | 23 |
| Heimildir .....   | 24 |

## 1. Börn og fjölmening í Reykjavík

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt í borgarstjórn þann 16. maí árið 2006: [https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna\\_rvk\\_efnisyfirlit.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_rvk_efnisyfirlit.pdf). Núverandi stefna var síðan samþykkt í borgarstjórn þann 18. október árið 2016. Í stefnunni er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem stefnan nær til. Stjórnendum og starfsfólki ber að tryggja virðingu fyrir mannréttindum innan stjórnkerfis borgarinnar, á vinnustöðum hennar og í þjónustu. Þessi áhersla skal vera sýnileg og samþætt allri starfsemi og stefnumótun borgarinnar.

Árið 2018 samþykkti Borgarstjórn Reykjavíkurborgar stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var samþykkt í borgarstjórn. Stefnan og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir byggir á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2002, lögum um útlendinga nr. 80/2016, mannréttindayfirlýsingu Sameinu þjóðanna, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis, samningi um réttarstöðu flóttamanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu. Vinna starfshóps fór af stað vegna aðgerð I.3 og niðurstöður skýrsluna miða að því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni.

Árið 2014 var stefna skóla- og frístundasviðs um fjölmeningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, samþykkt. Hún er fyrsta stefnumótun borgaryfirvalda sem ávarpar allt lærdómsumhverfi barna og ungmenna með tilliti til fjölmeningar. Meginstoðir stefnunnar eru fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf: [https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf). Síðan innleiðing stefnunnar hófst hefur margt áunnist. Fjármagn fyrir úthlutun til kennslu í íslensku sem öðru máli í leik- og grunnskólum hefur aukist í takt við aukinn fjölda barna. Þá hefur verið aukið við fjármagn túlkajónustu undanfarin ár í leik-, grunnskólum og frístundastarfi. Verkefnið *Gjaldfrjáls frístund* hófst árið 2017 þar sem börnum í 1.-4. bekk er boðin gjaldfrjáls frístund fyrstu þrjá mánuðina eftir komu til Íslands.

Árið 2016 var Miðja máls og læsis: <https://mml.reykjavik.is/>, þekkingarteymi ráðgjafa, stofnað en hlutverk þess er að efla kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð um mál og læsi. Þar starfa í dag tveir brúarsmiðir sem sjá um ráðgjöf og fræðslu til foreldra og kennara vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Haldnar hafa verið foreldrafræðslur í samstarfi við leik- og grunnskóla um íslenska skólakerfið og millimenningarfræðslu á nokkrum tungumálum. Á haustönn 2019 var stöðdeild fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sett á laggirnar fyrir nemendur í 3.-10. bekk við Háaleitisskóla. Í stöðdeildinni Birtu er lögð áhersla á að kortleggja námslega stöðu barna og undirbúa þau undir frekara nám.

Miðja máls og læsis og verkefnastjórar fjölmeningar á skóla- og frístundasviði hafa staðið að fjölþættri fræðslu sem tengist fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf: <https://menntastefna.is/starfsthroun/>. Skóla- og frístundasvið hefur verið í formlegu samstarfi við samtökin Móðurmál til fjölda ára. Skóla- og frístundasvið útvegar samtökunum húsnæði fyrir móðurmálskennslu á laugardögum og Móðurmálsamtökin hafa boðið upp á fræðslu: <http://www.modurmál.com/>. Í samstarfi við SAMFOK hafa verið unnin verkefni *Allir með*: <https://samfok.is/verkefni-samfok/allir-med> og myndbönd um íslenska skólakerfið. Árið 2019 var verkefnið *Gefðu 10* gefið út hjá skóla- og frístundasviði. Í verkefninu er bent á aðferðir og leiðir til að auka samtal og samskipti leikskólastarfsfólks við fjöltýngd börn. Efnið er ætlað leikskólástigi og yngsta stigi grunnskólans: [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/allir\\_med/gefdu\\_10\\_baeklingur\\_prent-2.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/gefdu_10_baeklingur_prent-2.pdf).

Verkefnið *Velkomin í hverfið þitt* hófst 2018 og er heildræn nálgun á móttöku fjölyngdra barna á leik- og grunnskólaaldri sem eru nýflutt til landsins og fjölskyldum þeirra. Að verkefninu standa leikskólar, grunnskólar, frístund og þjónustumiðstöðvar í hverju hverfi fyrir sig: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/147\\_8.3\\_skyrsla\\_velkomin.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/147_8.3_skyrsla_velkomin.pdf).

Í stefnu í Íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 er áhersla lögð á aðgengi allra að Íþróttastarfi og að hægt sé að nálgast upplýsingar og fá yfirsýn um hvað er í boði á ólíkum tungumálum og taka mið af öllum kynjum, innflytjendum, fötluðu fólki og öllum aldurshópum. Kynningarefni um frístundakortið hefur verið þýtt á öll helstu tungumálin sem töluð eru í Reykjavík. Kannanir um frístundakortið eru sendar út á íslensku, ensku og pólsku. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Íþróttafélags Reykjavíkur til ársins 2022 leggur áherslu á börn af erlendum uppruna og Íþróttafélögin skulu bjóða upp á fjölbreytt starf og móta sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Einnig er lögð áhersla á að hverfisfélögin setji sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfis. Forvarnarverkefnið TUFF – Reykjavík 2019-2020 hafði jákvæð áhrif á þátttöku barna af erlendum uppruna í Íþrótt- og frístundastarfi. Verkefnið ýtti undir aukið og bætt samstarf skóla, Íþrótt- og frístundaðila og stofnana borgarinnar og opnaði á samstarf borgarstofnana við stofnanir og félagasamtök fólks af erlendum uppruna til kynningar og skoðanaskipta. Reynslan af TUFF - Reykjavík verkefninu hefur meðal annars verið nýtt í tillögur í Reykjavík um hvernig bæta megi möguleika barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra til virkrar þátttöku í íslensku þvermenningarlegu (e. intercultural) samfélagi þar sem virðing er borin fyrir öllum óháð bakgrunni (TUFF, 2020).

## 1.1. Helstu niðurstöður rannsókna

Nýlegar rannsóknir hér á landi benda til þess að börn með annað móðurmál en íslensku séu líklegri til að búa við verri hag og líðan en innfæddir jafnaldrar þeirra. Í nýlegri könnun Rannsókna og greininga kemur fram að grunnskólanemendum með annað móðurmál en íslensku líður verr í skólanum en jafnöldum þeirra og þeim er sjaldnar hrósað af kennurum. Þeir standa höllum fæti félagslega, eiga síður vini og eru ólíklegri til að vera með vinum sínum eftir skóla á virkum dögum. Einnig finna þeir frekar til einmanaleika, eru í minni samvistum við foreldra sína og taka síður þátt í skipulögðu Íþrótt- og félagsstarfi (Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2018).

Viðtöl við börn með erlendan bakgrunn hafa leitt í ljós að þau hafa orðið fyrir fordómum og verið strítt vegna útlits og uppruna (Anh-Dao Tran og Samúel Lefever, 2018). Rannsóknir í íslenskum leikskólum benda einnig til ákveðinnar jaðarsetningar barna með erlendan bakgrunn. Þau hafa minni möguleika á þátttöku í leik og eru frekar skilin útundan (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2019).

Margar ástæður hafa verið nefndar fyrir veikri félagslegri stöðu barna með annan menningar- og félagslegan bakgrunn, svo sem að menntakerfi og menntastefna geri ekki ráð fyrir fjölbreyttum nemendahópum og þar afleiðandi sé skortur á þekkingu á málefnum þeirra í skólum, börnin skorti kunnáttu í íslensku, auk þess sem menningarauður og gildi heimila og skóla séu ólík (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2012).

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla er alvarlegt vandamál, ekki einungis fyrir skólayfirvöld og menntastofnanir, heldur er brotthvarf einnig félagslegt vandamál sem getur haft margþætt áhrif á einstaklingana og samfélagið allt. Ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla standa verr að vígi á vinnumarkaði og eru líklegri til að eiga í ýmsum félagslegum og heilsutengdum vanda síðar meir (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018). Erlendar rannsóknir hafa sýnt að brotthvarfnemendur eru líklegri til að verða atvinnulausir og einnig er glæpatíðni hærri meðal þeirra (Lamb og Markussen, 2011).

## 1.2. Íslenska forvarnarmódelið

Við gerð tillagna var litið til Íslenska forvarnarmódelisins sem byggir á hugmyndafræði um verndandi þætti í forvörnum, s.s. samskipti við foreldra, frítími, jafningjahópurinn og líðin innan og utan skólans. Íslenska forvarnarmódelið byggir á vinnu sem fór af stað árið 1997 af hópi félagsvísindafólks, stefnumótunaraðila og fólks sem starfaði með börnum og ungmennum á vettvangi. Markmiðið með því samstarfi var að kortleggja þá félagslegu þætti sem hefðu áhrif á líðan ungmenna og hanna aðgerðir sem hægt væri að beita í forvarnarstarfi. Útkoman var forvarnarlíkan, Íslenska módelið, sem byggir á samstarfi fjölmargra hluteigandi aðila, t.a.m. foreldra, kennara, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og fleiri aðila í nærumhverfi barna og ungmenna (<http://www.rannsoknir.is/is/islenska-modelid/>). Út frá Íslenska forvarnarmódelinu og rannsóknum sést hvaða þættir það eru sem eru verndandi fyrir börn og ungmenni þegar kemur að heilsu og líðan. Það eru foreldrar/forráðamenn sem skipta máli; stuðningur, umhyggja og hlýja sem og eftirlit og tími varinn með foreldrum/forráðamönnun. Rannsóknir sýna mikilvægi þess að í frítíma barna taki þau þátt í skipulögðu íþrótt og/eða tómsundastarfi, starfi félagsmiðstöðva, tómsundastarfi í skólum og/eða tónlistarnámi. Rannsóknir sýna að eftir því sem börn eru virkari í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi því minni líkur eru á því að þau noti vímuefni (Margrét Lilja Guðmundsóttir, 2020).

## 2. Niðurstöður og tillögur

### Tillaga 1 – Sjálfsefling og félagsfærni

Sjálfsefling og félagsfærni eru tveir af lykilþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2018. Sjálfsefling felur í sér að barn öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika, ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri.

**Aðgerð 1:** Námskeið um sjálfseflingu og félagsfærni fyrir starfsfólk á öllum skólastigum og í frístundastarfi.

- Nýsköpunarmiðja menntamála í samstarfi við fagskrifstofur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs standi fyrir námskeiðum fyrir starfsmenn um þættina félagsfærni og sjálfseflingu.

**Aðgerð 2:** Innleiða Sociogram<sup>3</sup> inn í alla grunnskóla til að kortleggja félagslega stöðu barna í 1. – 10. bekk í samstarfi við frístundamiðstöðvar.

- Nýsköpunarmiðja menntamála í samstarfi við frístundarfræðinga grunnskóla og frístundamiðstöðva útibúi verklag vegna innleiðingu á Sociogram á öllum stigum grunnskóla þar sem félagsstaða barna er kortlögð. Niðurstöður verði notaðar til að styðja við verkefni sem tengjast aðgerð 1.

**Aðgerð 3:** Vekja athygli allra leikskóla Reykjavíkur á verkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur, *Allir vinir*.

- Leikskólaskrifstofa á Skóla- og frístundasviði í samstarfi við Nýsköpunarmiðju menntamála standa að fræðslu um verkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur, *Allir vinir*, þar sem áhersla er á forvarnir gegn einelti.

**Rökstuðningur:** Nýlegar rannsóknir hér á landi benda til þess að börn með annað móðurmál en íslensku séu líklegri til að búa við verri hag og líðan en innfæddir jafnaldrar þeirra. Í nýlegri könnun Rannsókna og greininga kemur fram að grunnskólanemendum með annað móðurmál en íslensku líður verr í skólanum en jafnöldrum þeirra og þeim er sjaldnar hrósað af kennurum. Þeir

---

<sup>3</sup> Sociogram <https://study.com/academy/lesson/sociogram-definition-examples-quiz.html>

standa höllum fæti félagslega, eiga síður vini og eru ólíklegri til að vera með vinum sínum eftir skóla á virkum dögum. Einnig finna þeir frekar til einmanaleika, eru í minni samvistum við foreldra sína og taka síður þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi (Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2018). Viðtöl við börn með erlendan bakgrunn hafa leitt í ljós að þau hafa orðið fyrir fordómum og verið strítt vegna útlits og uppruna (Anh- Dao Tran og Samúel Lefever, 2018). Rannsóknir í íslenskum leikskólum benda einnig til ákveðinnar jaðarsetningar barna með erlendan bakgrunn. Þau hafa minni möguleika á þátttöku í leik og eru frekar skilin útundan (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2019). Í niðurstöðum rannsóknar um árangursríkt skólastarf með nemendum með annað móðurmál en íslensku í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Norðurlöndunum er talað um vannýtt námstækifæri í skólunum sem voru til athugunar þar sem kennara skorti frumkvæði til þess að styðja við þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skólastarfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2015). Því er brýnt að veita börnum, kennurum og öllum sem koma að starfi með börnum og ungmennum verkfæri til þess að styðja við sjálfseflingu og félagsfærni.

### **Kostnaðaráætlun**

**Aðgerð 1:** Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á fræðslu og námskeiði.

**Aðgerð 2:** Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á fræðslu og námskeiði.

**Aðgerð 3.** Kostnaður vegna fyrirlestra frá Vöndu Sigurgeirsdóttir. Kostnaður er 450.000 kr.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

**Tímarammi:** 2020 – 2022.

### **Heimildaskrá**

Anh-Dao Tran og Samúel Lefever. (2018). Icelandic-born students of immigrant background; How arthey faring in compulsory school? Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.

Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir.(2019). „Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott“: Félagsleg tengsl og vinátta leikskólabarna af erlendum uppruna. [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/03.pdf)

Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri).(2015). Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant studesnts and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden. Óbirt skýrsla. Sótt af: [http://lsp2015.hi.is/final\\_report](http://lsp2015.hi.is/final_report).

Ingibjörg Eva Þórisdóttir (2018). Staða nemenda af erlendum uppruna: Niðurstöður úr Ungt fólk rannsóknum á meðal nemenda 10–18 ára. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Menntastefna Reykjavíkur: <https://menntastefna.is/>.

## Tillaga 2 – Fræðsla um fjölmenningu

Samsetning íbúa í Reykjavík hefur breyst töluvert á tveimur áratugum. Í kringum 1990 voru 3.511 innflytjendur skráðir með lögheimili í Reykjavík en árið 2019 hefur sú tala tæplega sjöfaldast og eru innflytjendur orðnir 24 þúsund eða 18,6% af heildaríbúafjölda (Hagstofa Íslands 2020). Við slíkar aðstæður er mikilvægt að unnið sé markvisst að því að efla fjölmenningarlega færni allra íbúa í Reykjavík til þess að gagnkvæm aðlögun megi verða sem best.

**Aðgerð 1:** Fræðslupakki um fjölmenningu, viðhorf, fordóma verði aðgengilegur á netinu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila (s.s. íþróttafélög), börn, ungmenni og forráðamenn þeirra.

- Útbúin verður kynning um fjölmenningu, fordóma og samskipti á rafrænu formi.
- Gátlistar um fjölmenningu og mannréttindi.

**Aðgerð 2:** Þjálfun stjórnenda Reykjavíkurborgar í menningarnæmi til þess að ná til fjölbreytts barna- og foreldrahóps.

- Boðið verður upp á fræðslu í menningarnæmi fyrir stjórnendur grunnskóla, leikskóla og frístudaheimila.

**Rökstuðningur:** Rannsóknir, bæði hér á landi og erlendis, hafa mikið fjallað um fræðslu sem góða leið til þess að sporna gegn fordómum sem verða til vegna vanþekkingar og þröngsýni. Með menningarnæmi er átt við að fólk beri virðingu fyrir og bregðist á sama hátt við fólk sama hvaða menningarbakgrunn það hefur, hvaða tungumál það talar, hverrar trúar það er, hvert þjóðerni þeirra er, hvaða stétt það tilheyrir eða hvaða kynþætti. Einnig felst í menningarnæmi að virða einstaklinga, fjölskyldur eða samfélög og þekkja, viðurkenna og kunna að meta gildi hvers hóps (NASW, 2007). Fólk öðlast ekki menningarnæmi sjálfkrafa heldur þarf að læra hana, þróa og viðhalda henni í gegnum lífið.

Samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (kafla 9.3.3) þarf að tryggja starfsfólki þekkingu til að sinna starfi í fjölmenningarlegu og margbreytilegu borgarsamfélagi. Menningarnæmi er nauðsynleg fyrir starfsfólk borgarinnar til að skapa umhverfi sem er laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Starfsfólk á að leggja sig fram um alúðleg samskipti þrátt fyrir að tungumálaþekking geti valdið hindrunum.

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 leggur áherslu á að gera þurfi skýrar og faglegar kröfur til starfsemi íþróttafélaganna. Þátttaka barna og unglunga byggist á eigin áhuga á íþróttinni, félagslegum tengslum og að þeim líði vel. Því þurfi að umgangast hvern og einn eins og mikilvægan viðskiptavin til að brottfall verði sem minnst og staðið sé faglega að öllu starfinu. Mikilvægt er að mæta hverjum og einum með hlýju og leggja áherslu á að hver og einn þátttakandi sé velkominn í starfið. Áhersla er lögð á að tryggja þurfi starfsfólki íþróttafélaganna þekkingu til að sinna starfi í fjölmenningarlegu og margbreytilegu borgarsamfélagi. Áhersla er lögð á að undirbúa þurfi stjórnendur, þjálfara og sjálfbóðaliða til að taka vel á móti börnum með annað móðurmál en íslensku og foreldrum þeirra.



Vegna skorts af skyldunámskeiðum í menningarnæmi á flestum námsbrautum í háskólum er nauðsynlegt að tryggja slíka þjálfun fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar með sérstaka áherslu á starfsfólk sem vinnur með börnum og fjölskyldum, það er á Skóla- og frístundasviði, Velferðarsviði og Íþróttá- og tómstundasviði.

### **Kostnaðaráætlun:**

Aðgerð 1: Kostnaður vegna framlags starfsmanna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Aðgerð 2: Kostnaður vegna framlags starfsmanna mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar.

**Tímarammi:** 2020 – 2022.

### **Heimildir:**

Björk Þorgeirsdóttir, Jóhann Björnsson, Þórður Kristinsson, „[Það er auðveldara að kljúfa atóm heldur en fordóma](#)“. Námsfni í fjölmenningarfærni handa efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum“, desember 2011

Council of Europe – Intercultural competence for all, 2012 <https://rm.coe.int/intercultural-competence-for-all/16808ce20c>

Guðrún Pétursdóttir 2018. [Diversity Diverse Society Diverse Classrooms](#): Critical, Creative, Cooperative and Interculturally Competent Learners and Teachers - Ready for the 21st Century.

Hagstofa Íslands 2020:

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_mannfjoldi\\_3\\_bakgrunnur\\_Uppruni/MAN43006.px/table/tableViewLayout1/?rxid=33cb851a-a473-405d-ab4f-8bd680e81915](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Uppruni/MAN43006.px/table/tableViewLayout1/?rxid=33cb851a-a473-405d-ab4f-8bd680e81915)

National Association of Social Workers. (2007). Indicators for the achievement of the NASW standards for cultural competence in social work practice.

<http://www.socialserviceworkforce.org/system/files/resource/files/Standards%20and%20Indicators%20for%20Cultural%20Competence%20in%20Social%20Work%20Practice.pdf>  
[Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)

Pieter Batelaan, Fons Coomans [The International Basis for Intercultural Education including Anti-racist and Human Rights Education](#); UNESCO 1999

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur 2020.

## Tillaga 3 – Foreldrasamstarf

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli séu vettvangur menntunar (Aðalnámskrá, 2011).

**Aðgerð 1:** Fræðsla til fjölbreytts foreldrahóps í grunnskólum Reykjavíkur, í samstarfi við frístundamiðstöðvar, um Íslenska forvarnarmódelið og niðurstöður Rannsóknna og greininga í hverfum borgarinnar.

- Frístundamiðstöðvar í Reykjavík í samstarfi við grunnskóla og Samfok standa fyrir fræðslu í öllum hverfum borgarinnar fyrir foreldra. Fræðslurnar fara fram á nokkrum tungumálum svo sem ensku, pólsku og spænsku.

**Aðgerð 2:** Gefa út myndbönd fyrir öll skólastig þar sem hugmyndafræði og mikilvægi Íslenska forvarnarmódelisins er kynnt á einfaldan hátt á nokkrum tungumálum.

- Myndböndin verða unnin af Mixtúru í samstarfi við fagskrifstofu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í samstarfi við Samfok. Myndböndin verða bæði textuð og talsett á 8 tungumálum.

**Aðgerð 3:** Taka saman orðaforðalista um skólaorðaforða fyrir öll skólastig á nokkrum tungumálum.

- Unnir verða orðaforðalistar um skólaorðaforða fyrir leikskóla og grunnskóla um helstu hugtök sem varða leik og nám barna. Orðalistarnir verða teknir saman af fagfólki á skrifstofu leikskóla og grunnskóla í samstarfi við Miðju máls og læsis. Orðalistarnir verða á íslensku og átta öðrum tungumálum.

**Aðgerð 4:** Staðfæra verkefnið *Velkomin í skólann*, þ.e. útbúa skapalón af bæklingi fyrir foreldra.

- Útbúin verður rafrænn bæklingur sem hægt er að prenta út. Bæklingurinn verður á íslensku og átta öðrum tungumálum. Hann verður ætlaður foreldrum barna sem eru að hefja skólagöngu í íslenskum grunnskóla.

**Aðgerð 5:** Fjölskyldumiðstöð á frístundamiðstöðvum í öllum hverfum borgarinnar, *Gaman saman fyrirmyndin*.

- Komið verður á opnun á laugardögum eða sunnudögum fyrir fjölbreyttan hóp foreldra í öllum frístundamiðstöðvum í Reykjavík til að efla samveru foreldra í hverfinu.

- Verkefnið er samstarfsverkefni frístundamiðstöðva Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva Reykjavíkur í hverju hverfi fyrir sig og við Samfok, Samtök um móðurmál og önnur áttahagafélög innflytjenda.

**Aðgerð 6:** *Styðja leikskóla í því að koma á fjölskyldumiðstöð<sup>4</sup> að fyrirmynd Pen Green og fleiri leikskóla í Bretlandi og í Dortmund, Þýskalandi.*

- Útbúið verður rými innan leikskóla þar sem fjölskyldum og fólki sem býr í nærsamfélaginu er boðið að koma tvo virka morgna í viku, t.d. kl. 9-11.
- Verkefnið er samstarfsverkefni leikskóla og þjónustumiðstöðva Reykjavíkur í hverju hverfi fyrir sig, Móðurmáls – samtök um tvítyngi og fleiri aðila.
- Í fjölskyldumiðstöð eru tækifæri til þess að bjóða upp á fjölbreytta velferðarþjónustu og starfsemi fyrir börn, fjölskyldur og fólk sem býr í nærsamfélaginu í samstarfi við ýmsa fagaðila.

**Rökstuðningur:** Rannsóknir sýna að mikilvægi íþróttar og tómstunda fyrir heilsu og líðan barna og ungmenna er ótvírætt og sem forvarnargildi fyrir áhættu hegðun eins og drykkju og vímuefnanotkun. Út frá Íslenska forvarnarmódelinu og rannsóknum sést hvaða þættir það eru sem eru verndandi fyrir börn og ungmenni þegar kemur að heilsu og líðan. Fræðsla og kynning á Íslenska forvarnarmódelinu er talin sérstaklega mikilvæg fyrir fólk sem flytur til Íslands frá öðrum löndum (Margrét Lilja Guðmundsóttir, 2020). Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Líklega hafa engir einstakir þættir meiri áhrif á nám og líðan barna en viðhorf og stuðningur foreldra þeirra. Til eru rannsóknir sem sýna að allt að 70% af þeim þáttum sem hafa áhrif á námsárangur barns liggur utan við skólann. Hjá yngri börnum eru áhrifaþættirnir fyrst og fremst viðhorf, væntingar og stuðningur foreldranna. Þess vegna er afar mikilvægt að skólinn finni leiðir sem veita öllum foreldrum tækifæri til að eiga hlutdeild í námi barna sinna (Heimurinn er hér, 2014). Fjölskyldumiðstöðvar eru leið til að auka þátttöku allra í samfélaginu og auka jöfnuð og skapa jákvætt viðhorf. Einstaklingar fá að njóta sín og valdeflast. Félagsleg tengsl eru afar mikilvæg en fjölskyldumiðstöðvar gefa fólki tækifæri til að koma saman og geta virkað sem eins konar „dyr“ inn í samfélagið.

## Kostnaðaráætlun

**Aðgerð 1:** Túlkakostnaður og kostnaður vegna fyrirlesara frá Rannsókn og greiningu: 719.250 kr.

**Aðgerð 2:** Kostnaður við þýðingar og innlestur. Myndbönd útbúin í samstarfi fagskrifstofu og Mixtúru. Kostnaður: 400.000 kr.

**Aðgerð 3:** Kostnaður við þýðingar. Orðaforðalisti tekinn saman af Miðju máls og læsis. Kostnaður: 300.000 kr.

<sup>4</sup> Blíð byrjun: [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/blidbyrjun.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/blidbyrjun.pdf)

**Aðgerð 4:** Kostnaður við framlag starfsmanna í Miðju máls og læsis við þýðingu á bæklingnum og framlag starfsmanna SFS við uppsetningu á bæklingnum.

**Aðgerð 5:** Einn starfsmaður í 4 klst. einu sinni í viku í 5 hverfum borgarinnar. Kostnaður er 2.400.000 kr. miðað við 20 vikur á ári.

**Aðgerð 6:** Einn starfsmaður í 4 klst. einu sinni í viku í 10 leikskólum. Kostnaður er 4.000.000 kr. miðað við 20 vikur á ári.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið.

**Tímarammi:** 2020-2022.

### Heimildaskrá

Aðalnámskrá. (2011). <https://www.stjornarradid.is>

Heimurinn er hér. (2014):

[https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_oppsett.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_oppsett.pdf)

## Tillaga 4 – Tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili

Jöfnuður er ein mikilvægasta forsenda þess að börn nái að vaxa og dafna í samfélaginu. Rannsóknir sýna að börn frá tekjulágum heimilum stunda síður skipulagðar íþróttir og annað tómstundastarf. Í stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík er lögð sérstök áhersla á að hvetja og aðstoða foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og efnaminni foreldra til að nýta sér frístundakortið og annan stuðning til að börn þeirra geti stundað skipulagt íþróttá- og tómstundastarf í borginni.

**Aðgerð 1:** *Að útbúa tekjuviðmið um niðurgreiðslu til að hægt verði að styðja við tekjulágar fjölskyldur með viðbótarniðurgreiðslu á gjöldum frístundaheimila.*

**Rökstuðningur:** Tekjutenging gjalda fyrir vistun á frístundaheimilum er ein leið til að stuðla að auknum jöfnuði fyrir þann hóp barna sem býr við viðkvæma fjárhagslega stöðu. Stór hluti foreldra notar frístundakortið til að greiða fyrir vistun á frístundaheimilum. Börn foreldra sem fá fjárhagsaðstoð stunda síður skipulagt íþróttá- og tómstundastarf en börn foreldra í launaðri vinnu. Börn innflytjenda stunda einnig síður skipulagt íþróttá- og tómstundastarf. Markmið og tilgangur frístundakortsins er að öll börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Ef tekjuminni foreldrum er veittur frekari fjárhagslegur stuðningur við þátttöku barna þeirra á frístundaheimilum aukast möguleikar á að taka þátt í öðru skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi með notkun frístundakortsins.

**Kostnaðaráætlun:** Niðurgreiðsla vegna gjalda á frístundaheimilum yrði um 13.000.000 kr. á ári.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið.

**Tímarammi:** 2020-2022.

## Tillaga 5 – Efling tónlistarkennslu og upplifunar á sviði lista

Tónlistaruppeldi og listræn upplifun almennt er góð leið til að auka fjölbreyttan hugtakaskilning, efla samkennd og styðja við sjálfsmynd barna. Rannsóknir benda til þess að tónlistarupplifun geti haft áhrif á vald á máli, eflt námsgetu og spili stórt hlutverk í þroska barna frá unga aldri. Opna þarf nýjar leiðir til að kynnast tónlist og iðkun hennar og prófa sig áfram með möguleika sem byggja á tækni sem í boði er í dag. Styrkja þarf leiðir til að efla listræna þátttöku og upplifun á vettvangi skóla- og frístundastarfsins. Verkfæri menningar og lista eru öflug þegar kemur að því að skapa samkennd, efla samfélag, auka samhug og gefa öllum hlutaðeigandi þá sterku vissu að þeir tilheyri og eigi heima í umhverfi sínu.

**Aðgerð 1:** *Gera samning um aðgang allra barna á aldrinum 6-9 ára að íslenska forritinu Mussila í þeim tilgangi að styðja með afgerandi hætti við upphaf náms á sviði tónlistar.*

- Samið verði við fyrirtækið um 3ja ára samning um aðgang skólabarna á aldrinum 6-9 ára. Aðgangurinn er unninn í gegnum Gsuite auðkenni þeirra.
- Innleiðing verði studd á vegum Mixtúru og listteymis SFS í formi fræðslufunda og markvissrar eftirfylgni.
- Sett verði upp gagnvirkt vefsvæði á vegum borgarinnar þar sem kennarar yngri barna geta leitað hugmynda og lausna vegna nýtingar þeirra tækifæra sem forritið geymir.
- Nýta þarf möguleika í skólastarfinu og frístundaheimilunum til að gera tónlistariðkunina sýnilega og spennandi.
- Leitað verður leiða til samstarfs við háskólasamfélagið vegna rannsókna á notkun og áhrifum forritsins auk þess sem könnuð verða viðhorf barna, foreldra og kennara til verkefnisins áður en því lýkur.
- Næstu skref, eftir að samningstímabili lýkur, verði stigin í ljósi niðurstaðna.

**Aðgerð 2:** *Leita leiða til að skapa aðgang að erlenda forritinu Yousician fyrir nemendur á unglíngastigi og stofna yousician klúbba á vettvangi frístundastarfsins eða skólans.*

- Samið verði við fyrirtækið um 3ja ára samning um aðgang skólabarna á aldrinum 13-16 ára. Aðgangurinn er unninn í gegnum Gsuite auðkenni þeirra.
- Keypt verða hljóðfæri – ukulele og hljómborð – í félagsmiðstöðvar/skóla og séð til að í boði sé stuðningur við sjálfsnám unglínganna.
- Skoðað verði á tímabilinu hvort hægt sé að setja upp ramma þar sem formlegt mat á sjálfsnámi nemenda gerir mögulegt að meta tónlistarnámið sem hluta af listgreinavali unglínganna.
- Innleiðing verði unnin á vegum Mixtúru í formi fræðslufunda og markvissrar eftirfylgni.

- Sett verði upp gagnvirkt vefsvæði á vegum borgarinnar þar sem frístundafræðingar og kennarar unglunga geta leitað hugmynda og lausna vegna nýtingar þeirra tækifæra sem forritið geymir.
- Skapa þarf möguleika til að gera starfið sýnilegt og spennandi
- Leitað verður leiða til samstarfs við háskólasamfélagið vegna rannsókna á notkun og áhrifum forritsins auk þess sem könnuð verða viðhorf barna, foreldra og kennara til verkefnisins áður en því lýkur.
- Næstu skref verði stigin í ljósi niðurstaðna.

**Aðgerð 3:** *Auka samstarf tónlistarskóla, skólahljómsveita og listaskóla á sviði dans, leiklistar og myndlistar við alla leikskóla og grunnskóla í hverfunum til að fjölga tækifærum til listrænnar upplifunar og kynna fjölbreyttar frístundir fyrir börnum.*

- Sett verði, í samráði við fagfólk, viðmið um tegundir og fjölbreytni listrænna tilboða sem æskilegt er að tryggja að börn í leikskólum og grunnskólum fái tækifæri til að kynnast og upplifa.
- Kynnt verður aðgengi skólahljómsveita, tónlistarskóla og fleiri aðila til að setja tilboð sín inn á Uppsprettuvef borgarinnar sem felast í heimsóknum inn á starfsstaði til að flytja tónlist eða önnur listtengd atriði fyrir börn og ungmenni.
- Markviss kynning og eftirfylgni verður með tilboðum sem sett eru inn á Uppsprettuna og í Mixtúru verða fræðslufundir um hvernig megi nýta tilboðin í lifandi tengslum við nám barnanna í samvinnu við fagfólkið sem að baki þeim stendur.
- Leitað verður leiða til samstarfs við háskólasamfélagið vegna rannsókna á upplifun og viðhorfum barnanna vegna heimsóknanna auk þess sem könnuð verða viðhorf foreldra og kennara til verkefnisins og hvernig megi þróa það.

**Aðgerð 4:** *Hver grunnskóli fær eyrnamerkt viðbótarfjármagn til kaupa á listviðburðum á vegum listamanna inn í skólann. Skólar geti sjálfir valið viðburði en sérstaklega er bent á viðburði á vegum List fyrir alla.*

**Rökstuðningur:** Í nýlegri grein kemur fram að vísbendingar séu uppi um að á Íslandi hafi ekki tekist að þróa áherslur í skólastarfi sem henta margreytilegum barnahópi. Birtingarmyndir þessa eru margvíslegar. Þátttaka barna í tónlistarnámi dreifist ekki jafnt eftir hverfum. Kostnaðarþátttaka foreldra í hefðbundnu tónlistarnámi í tónlistarskólum er mikil. Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands bendir á að það eru skólar þar sem um helmingur barna kemur frá efnuðum heimilum en svo eru aðrir þar sem mikill meirihluti barna býr við krefjandi fjárhags- og félagslegar aðstæður. Með stóru samfélagsverkefni væri hægt að

takast á við ýmis velferðartengd mál með „verkfærum“ menningarinnar. Tónlistarnám og iðkun tónlistar er eitt þeirra verkfæra. Listræn upplifun og þátttaka hefur áhrif á meðan á viðburði eða iðkun stendur, en rannsóknir sýna að áhrif upplifunarinnar endast lengi og sumt endist ævilangt. Sýnt hefur verið fram á að hluti þessara áhrifa eru tilfinning fyrir samfélagi og því að tilheyra. Menningarauður vex og geta á sviði menningarlegrar upplifunar styrkist, samhugur verður sterkari almennt og sjónarhorn á heiminn verður víðara, svo fátt eitt sé nefnt.

Ástæða er til að setja í formlegan farveg hvernig heimsóknnum barna og ungmenna í listastarfi er háttáð inn í grunnskóla og leikskóla. Skólahljómsveitir hafa margar verið duglegar að fara inn á þennan vettvang en þetta hefur að mestu leyti verið að þeirra eigin frumkvæði. Setja þarf fram viðmið (sem listteymi SFS hefur unnið að) um með hvaða hætti og umfangi leikskólar og grunnskólar munu tryggja nemendum sínum reynslu af listflutningi á vettvangi skólanna. Tónlist, dans og leiklist sem unnin er af börnum og ungmennum á fullt og ríkt erindi til hópsins og getur verið mjög rík listræn upplifun um leið og hún getur vakið áhuga og hvatt börn og ungmenni til dáða.

Auk þess þarf að setja í fastan farveg hvernig grunnskólar borgarinnar nýta sér verkefni sem eru í boði frá List fyrir alla – og fá þannig listamenn þjóðarinnar inn á sinn vettvang líka. Listalíf á Íslandi er ríkt og listamenn eru á öllum aldri. Þessi vettvangur á undir högg að sækja eftir hremmingar liðinna mánaða og mikilvægt að skapa tækifæri fyrir okkar besta fólk á sviði lista. Listuppeldi án lista er ekki framkvæmanlegt!

## **Kostnaðaráætlun**

**Aðgerð 1:** Afnotagjald af Mussila 2.000.000 kr. á ári í 3 ár – alls 6 milljónir króna. Annað sem fylgir aðgerðinni er unnið á vegum SFS. Kostnaður: 6.000.000.

**Aðgerð 2:** Afnotagjald af Yousician 2.000.000 kr. á ári í 3 ár – alls 6 milljónir króna. Hljóðfærakaup – ukulele og hljómborð – 50 stk af hvorri gerð – alls 6 milljónir króna. Annað sem fylgir aðgerðinni er unnið á vegum SFS. Kostnaður: 12.000.000 kr. (hægt að fara í aðgerðina án hljóðfærakaupa en þá er jöfnunarmátturinn minni).

**Aðgerð 3:** Kynntir verða möguleikar til að setja viðburði í boði inn á Uppsprettuvef borgarinnar sem auðvelda yfirsýn og pantanir á viðburðum. Kostnaður: innan ramma SFS.

**Aðgerð 4:** Heimild til kaupa á listrænum viðburðum á vegum listamanna inn í grunnskólastarfið verði veitt öllum grunnskólum í borginni - um 1000 kr á hvert barn á ári í þrjú ár. Kostnaður: 15.000.000 kr. á ári í þrjú ár – alls 45.000.000 kr.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið.

**Tímarammi:** 2020-2022.

## **Tillaga 6 – Aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum**

Í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytissins í íþróttamálum 2019 segir að tryggja eigi börnum og ungmennum jöfn tækifæri til að iðka íþróttir. Þar kemur meðal annars fram að sveitarfélög eigi að styðja áfram við íþróttaiðkun barna og unglunga með niðurgreiðslu æfingagjalda, vinna að því í samstarfi við íþróttasambönd, íþróttafélög og skólasamfélagið að auka þátttöku innflytjenda og annarra minnihlutahópa í íþróttum og hreyfingu. Jafnframt kemur fram að kynningarefni skuli vera gert aðgengilegt á fleiri tungumálum m.a. til þess að innflytjendur hafi upplýsingar um íþróttastarf. Í stefnumótuninni segir að það þurfi að samþætta íþrótt- og

skólastarf og skólar og íþróttafélög vinni sameiginlega að því að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur. Samkvæmt samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík, til ársins 2022 segir að: „Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins.“

**Aðgerð 1:** Samstarf á milli Reykjavíkurborgar og ÍBR. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur.

**Aðgerð 2:** Vefsíða með verkfærakistu um fjölmenningu sem inniheldur tæki og tól sem aðilar í íþrótt- og tómsundastarfi geta nýtt sér til að koma til móts við iðkendur með annað móðurmál en íslensku og forráðamenn þeirra.

**Aðgerð 3:** ÍBR í samstarfi við Reykjavíkurborg útbúi skapalón „Velkomin í félagið“ þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir nýja iðkendur og forráðamenn þeirra eru að finna á nokkrum tungumálum.

**Aðgerð 4:** Fulltrúi frá þjónustumiðstöð hverfanna er ábyrgur fyrir að kortleggja og uppfæra reglulega hvaða íþróttir og tómsundir eru í boði í hverfinu á aðgengilegri vefsíðu á nokkrum tungumálum. Vefsíðan myndi einnig innihalda upplýsingar um forvarnargildi íþrótt- og tómsunda á einföldu máli.

**Aðgerð 5:** Að auka aðgengi að frístundum með því að efla frístundarútuna/hverfisstrætó.

**Aðgerð 6:** Samþætta íþrótt- og skólastarf og vinna sameiginlega að því að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.

**Rökstuðningur:** TUFF Ísland bendir á að aukin þátttaka barna og unglunga í íþróttum og tómsundum sé til hagsbóta fyrir samfélagið í heild og ætti því ekki að vera eingöngu hlutverk íþróttafélaga og þeirra sem reka tómsundastarf að hvetja til þátttöku. Mikilvægt er að börn og unglingar, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga í samfélaginu, tryggir betri árangur þeirra í námi og gefur þeim mikilvægt veganesti inn í lífið. Þannig er sameiginlegra hagsmuna þjóðfélagsins í heild gætt til framtíðar (TUFF Ísland – Breiðholt 2018).

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 leggur áherslu á að efla samstarf íþróttafélaga og annarra aðila sem vinna að lýðheilsu og efla kynningarstarf. Áhersla er lögð á að hægt sé að nálgast upplýsingar og yfirsýn um hvaða íþróttgreinar og aðstaða er í boði og að kynningarefni skuli vera á ólíkum tungumálum og taka mið af öllum kynjum, innflytjendum, fótluðu fólki og öllum aldurshópum. Íþróttastefna leggur áherslu á að starfið þurfi að vera opið fyrir alla og að þau börn sem þurfa stuðning þurfi að fá hann. Áhersla er lögð á samvinnu íþróttafélaga, skóla, leikskóla og frístundaheimila um þroskaferli barna og unglina og tryggja að þjónustutíminn rúmist innan hefðbundins vinnudags.

Að mörgu er að hyggja þegar tekið er á móti nýjum iðkendum í íþrótt- og tómsundastarfi. Það er sérstaklega æskilegt að hafa tiltækar sérstakar leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Móttökuáætlun er



hugsuð til að auðvelda það starf og til að tryggja velferð og vellíðan barna og fjölskyldna með annað móðurmál en íslensku sem eru að byrja iðkun í íþróttum og tómstundum. Slík áætlun er í notkun hjá skóla- og frístundasviði og skilar góðum árangri. Móttökuáætlun þarf að vera hluti af starfsemi íþróttá- og tómstundafélaganna.

Rannsóknin *Innan vallar eða utan 2008* sýndi að mikilvægt er að ná börnum innflytjenda inn í íþróttafélögin og halda þeim. Niðurstöður sýndu fram á að það væri ekki nóg að fá börnin inn, heldur þurfi að gera ráðstafanir til að halda í þau. Fram kom að hlúa þyrfti að umhverfinu þannig að börnin sækist eftir því að vera þar áfram. Þá sé lykilatíði að þeim líði vel og finni að þau tilheyra (Myrra 2008). Solveg Staume 2020 benti á að það eru margar hindranir fyrir því að ná til foreldra með annað móðurmál en íslensku til taka þátt í íþróttum og það þurfi kerfi innan félaganna til að taka á móti og viðhalda börnum með annað móðurmál en íslensku í íþróttum. Huga þarf sérstaklega að samskiptum/upplýsingagjöf til foreldra með annað móðurmál en íslensku og hvaða form er verið að nota og hvað virki best. Ein hindrun getur verið vegna kostnaðar og því mikilvægt að leiðir til sækja um styrki séu sýnilegar. Samgöngur til og frá æfingum og eins á mót geta einnig verið hindrun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

### **Kostnaðaráætlun:**

**Aðgerð 1:** Kostnaður vegna framlags starfsmanna við gerð nýrra verkferla.

**Aðgerð 2:** Kostnaður við vefsíðugerð. Kostnaður: 5.000.000 kr.

**Aðgerð 3:** Kostnaður við bæklingagerð. Kostnaður: 3.000.000 kr.

**Aðgerð 4:** Kostnaður vegna framlags starfsmanna við gerð nýrra verkferla.

**Aðgerð 5:** Kostnaður vegna aukins frístundaaksturs: 25.000.000 kr. Kostnaður vegna fylgdarmanna í frístundaakstri: 20.000.000 kr.

**Aðgerð 6:** Kostnaður vegna framlags starfsmanna við að finna gerð nýrra verkferla.

### **Ábyrgðaraðili: ÍBR, ÍTR og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við VEL og SFS**

**Tímarammi: 2020-2022.**

### **Heimildir:**

Ingibjörg Eva Þórisdóttir 2018. Staðreyndir í stuttu máli – Hádegisfyrirlestur Rannsókna og greininga 16. október 2018.

Niðurstöður og tillögur vinnuhóps um mannréttindi og kynjajafnrétti í íþróttum 2018. ÍBR, ÍTR, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og Hitt Húsið.

Reykjavíkurborg 2020. Frístundakortið: <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid>

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík 2020.

Solveg Staume 2020. Hádegisfundur um þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum. Reykjavík International Games 29. janúar 2020: <https://www.rig.is/radstefna-2020>

Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir 2008. Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Myrra, Þjónustumiðstöð Breiðholts og ÍR.

Skýrsla starfshóps um fjölmenningsfræðslu 2019. ÍBR, ÍTR og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur 2020.

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttmálum 2019. Stjórnarráð Íslands, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Velkomin – skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frísundastarfi 2018. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

TUFF Ísland – Breiðholt 1018. Tilraunaverkefni – Lokaskýrsla júní 2018.

TUFF-Reykjavík 2020. Skýrsla um verkefnið TUFF-Reykjavík 2019-2020: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tuff\\_lokaskyrsla\\_22\\_april\\_2020.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tuff_lokaskyrsla_22_april_2020.pdf)

Þórdís Lilja Gísladóttir 2018. Niðurstöður könnunar á íþróttþátttöku grunnskólabarna í Breiðholti í apríl 2017.

## Tillaga 7: Samstarf og samfella milli skólastiga

Stuðningur við kennslu í íslensku sem öðru máli og jöfnuður í námi byrjar á fyrsta skólastigi og samfella þarf að vera í gegnum öll skólastigin. Yfirfærsla milli skólastiga er lykilatriði og þarf sér í lagi að huga að skólaskilum milli grunnskóla og framhaldsskóla þar sem nemendum er veittur víðeigandi stuðningur, ráðgjöf og eftirfylgni. PISA niðurstöður gefa vísbendingu um að nemendur með annað móðurmál en íslensku séu í aukinni brotthvarfshættu, þar sem líkur á brotthvarfi í framhaldsskóla eru nátengdar fyrri námsárangri í grunnskóla (Menntamálastofnun, 2015).

**Aðgerð 1:** *Að koma á markvissu samstarfi milli leik- og grunnskóla þar sem foreldrar með annað móðurmál en íslensku fá ýtarlegar upplýsingar um skólakerfið og hlutverk skólaforeldra.*

- Ráðnir verða inn fleiri brúarsmiðir sem gegna lykilhlutverki í samskiptum foreldra með annað móðurmál en íslensku í samskiptum um skólakerfið.
- Útbúnar verða frekari verklagsreglur um skil á milli leikskóla og grunnskóla.
- Kynningarmyndbönd um íslenska skólakerfið verður gert aðgengilegt fyrir alla foreldra í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimilum í samstarfi við Samfok og Samtök um móðurmál.

**Aðgerð 2:** *Að koma á samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla þar sem námsráðgjafar eru lykilaðilar í að fylgja nemendum milli skólastiga.*

- Verkefnið Byggjum brú<sup>5</sup> verður staðfært og innleitt í alla grunnskóla í Reykjavík í samstarfi við framhaldsskóla.
- Skóla- og frístundasvið verður formlegur samstarfsaðili við Háskóla Íslands um verkefnið Spretur sem er ætlað að styðja nemendur úr grunnskóla uppí framhaldsskóla og yfir í Háskóla.

**Rökstuðningur:** Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla á samfellu í skólágöngu nemenda. Því er mikilvægt að við framkvæmd sérfræðiþjónustunnar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Jafnframt að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga. Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Til þess að tryggja að svo verði þurfa leik- og grunnskólar að vinna áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni. Birta skal slíka áætlun í skólanámskrám skóla á báðum skólastigum (Aðalnámskrá, 2011).

Skýrsla OECD (2001) um menntun ungra barna leggur áherslu á að leik- og grunnskólar eigi með sér samvinnu bæði hvað varðar stefnumótun og starfshætti. Líta beri á leikskólaárin sem mikilvægt tímabil í sjálfu sér en ekki eingöngu sem undirbúning fyrir næsta skólastig. Þegar börn hefja grunnskólágöngu er nauðsynlegt að taka mið af fyrri reynslu þeirra á heimilum og í leikskólum, þ.e. byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar öðlast og nota hana til að fást við ný verkefni (Á sömu leið – Tengsl leikskóla og grunnskóla, 2013).

Niðurstöður eigindlegar rannsóknar, sem skoðaði þau úrræði sem íslenskir og norskir framhaldsskólar nota til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda, benda til þess að áherslur í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum í báðum löndum snúist fyrst og fremst um að styðja þá til að ná tókum á tungumáli viðkomandi lands og að þeir aðlagi sig að menningu meirihlutans. Framhaldsskólarnir unnu ekki markvisst gegn félagslegri mismunun og menningarlegur auður (e. cultural capital) innflytjenda var ekki virkjaður í skólunum nema að takmörkuðu leyti (Rósa Björg Þorsteinsdóttir, 2013).

## **Kostnaðaráætlun**

**Aðgerð 1.** Kostnaður: 20.000.000 vegna ráðningar á tveimur brúarsmiðum miðað við tvo brúarsmiði.

**Aðgerð 2.** Kostnaður vegna framlags starfsmanna Skóla- og frístundasviðs á breyttu verklagi og innleiðingu verkefnisins.

---

<sup>5</sup> Byggjum brú: [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru\\_17.03.20.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru_17.03.20.pdf)

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið.

**Tímarammi:** 2020-2022.

## Niðurlag

Starfshópurinn lagði fram sjö tillögur ásamt aðgerðum sem byggja á niðurstöðum rannsókna um börn innflytjenda á Íslandi undanfarin ár og íslenska forvarnarmódelinu. Tillögurnar fela í sér námskeið í sjálfsefningu og félagsfærni, fræðslu um fjölmenningu, eflingu foreldrasamstarfs, að tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili, eflingu og aukið aðgengi að tónlistarkennslu, aukið aðgengi að íþróttum og tómstundum og aukið samstarf og samfellu milli skólastiga.

Ýmislegt hefur áunnist síðastliðin ár. Þar má nefna: Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar; stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðanlega vernd, stefnu Skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*; stofnun Miðju máls og læsis með það að markmiði að efla kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi; stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 með áherslu á aðgengi allra að íþróttastarfi; samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Íþróttafélags Reykjavíkur til ársins 2022 með áherslu á börn af erlendum uppruna; forvarnarverkefnið TUFF o.fl. Niðurstöður nýlegra rannsókna hér á landi benda þó til þess að það halli enn á börn með annað móðurmál á Íslandi. Tillögunum og aðgerðunum er ætlað að styðja enn frekar við það sem hefur áunnist og bæta í þar sem þess er þörf. Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar, *Látum draumana rætast*, kemur fram að mikilvægt sé að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika og er leitast við það í tillögum starfshópsins.

## Heimildir

Anh-Dao Tran og Samúel Lefever. (2018). Icelandic-born students of immigrant background; How are they faring in compulsory school? Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.

Aðalnámskrá 2011: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=47080c0c-c37e-11e6-9409-005056bc4d74>

Björk Þorgeirsdóttir, Jóhann Björnsson og Þórður Kristinsson 2011. „Það er auðveldara að kljúfa atóm heldur en fordóma“. Námsfni í fjölmenningsfærni handa efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum“, desember 2011

Council of Europe – Intercultural competence for all 2012: <https://rm.coe.int/intercultural-competence-for-all/16808ce20c>

Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir 2019. „Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott“: Félagsleg tengsl og vináttu leikskólabarna af erlendum uppruna. [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/03.pdf)

Guðrún Pétursdóttir 2018. [Diversity Diverse Society Diverse Classrooms](#): Critical, Creative, Cooperative and Interculturally Competent Learners and Teachers - Ready for the 21st Century.

Hagstofa Íslands 2020: [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_3\\_bakgrunnur\\_Uppruni/MAN4300\\_6.px/table/tableViewLayout1/?rxid=33cb851a-a473-405d-ab4f-8bd680e81915](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Uppruni/MAN4300_6.px/table/tableViewLayout1/?rxid=33cb851a-a473-405d-ab4f-8bd680e81915)

Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri) 2015. Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden. Óbirt skýrsla. Sótt af: [http://lsp2015.hi.is/final\\_report](http://lsp2015.hi.is/final_report).

Heimurinn er hér 2014: [https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolemningsstefna\\_oppsett.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolemningsstefna_oppsett.pdf)

Ingibjörg Eva Þórisdóttir 2018. Staða nemenda af erlendum uppruna: Niðurstöður úr Ungt fólk rannsóknum á meðal nemenda 10–18 ára. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Ingibjörg Eva Þórisdóttir 2018. Staðreyndir í stuttu máli – Hádegisfyrirlestur Rannsókna og greininga 16. október 2018.

Jóhanna Einarisdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2013). *Á sömu leið – Tengsl leikskóla og grunnskóla*.

Kynlegar tölur 2020: [https://reykjavik.is/sites/default/files/borg\\_kynlegartolur\\_isl\\_180520loka\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/borg_kynlegartolur_isl_180520loka_0.pdf)

Margrét Lilja Guðmundsdóttir 2020. Þáttur Íþróttá í einstökum árangri forvarna á Íslandi. Þriðjudagsfyrirlestrar Háskólans í Reykjavík og Vísis: <https://livestream.com/ru/hdv2020-2/videos/204193006>

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020. Menning er mannréttindi. 2. kafli – Börn og menningaruppeldi:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_frettir/2014\\_menningarstefna\\_rvk\\_samthykkt\\_i\\_borgarstjorn\\_20\\_5\\_2014.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/2014_menningarstefna_rvk_samthykkt_i_borgarstjorn_20_5_2014.pdf)

Menntastefna Reykjavíkur: <https://menntastefna.is/>.

Menntamálastofnun, 2015. <https://mms.is/>.

National Association of Social Workers 2007. Indicators for the achievement of the NASW standards for cultural competence in social work practice. <http://www.socialserviceworkforce.org/system/files/resource/files/Standards%20and%20Indicators%20for%20Cultural%20Competence%20in%20Social%20Work%20Practice.pdf>  
[Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)

Niðurstöður og tillögur vinnuhóps um mannréttindi og kynjajafnrétti í íþróttum 2018. ÍBR, ÍTR, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og Hitt Húsið.

Pieter Batelaan, Fons Coomans [The International Basis for Intercultural Education including Anti-racist and Human Rights Education](#); UNESCO 1999

Reykjavíkurborg 2020. Frístundakortið: <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid>

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur 2020

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík 2020.

Solveg Staume 2020. Hádegisfundur um þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum. Reykjavík International Games 29. janúar 2020: <https://www.rig.is/radstefna-2020>

Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir 2008. Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Myrra, Þjónustumiðstöð Breiðholts og ÍR.

Skýrsla starfshóps um fjölmenningsfræðslu 2019. ÍBR, ÍTR og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Skýrsla OECD (2001)

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur 2020.

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttmálum 2019. Stjórnarráð Íslands, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Velkomin – skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frísundastarfi 2018. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Winner, E., T. Goldstein and S. Vincent-Lancrin (2013), Art for Art's Sake? Overview, OECD Publishing: <https://www.oecd.org/education/ceri/arts.htm>

TUFF Ísland – Breiðholt 1018. Tilraunaverkefni – Lokaskýrsla júní 2018.

TUFF-Reykjavík 2020. Skýrsla um verkefnið TUFF-Reykjavík 2019-2020: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tuff\\_lokaskyrsla\\_22\\_april\\_2020.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tuff_lokaskyrsla_22_april_2020.pdf)

Understanding the Value and Impact of Cultural Experiences:  
[https://www.artscouncil.org.uk/sites/default/files/download-file/Understanding\\_the\\_Value\\_and\\_Impacts\\_of\\_Cultural\\_Experiences.pdf](https://www.artscouncil.org.uk/sites/default/files/download-file/Understanding_the_Value_and_Impacts_of_Cultural_Experiences.pdf)

Þórdís Lilja Gísladóttir 2018. Niðurstöður könnunar á íþróttþátttöku grunnskólabarna í Breiðholti í apríl 2017.